

### Siglufjarðarkirkja 10 ára.

Þann 28. ág. s.l. voru 10 ár liðin frá því, er Siglufjarðarkirkja var fullbygð. Var hún vígð með mikilli vðhöfn af dr. theol. Jóni Helgasyni, biskupi, 28. ág. 1932, og var þá ein veglegasta kirkjan, er reist hafði verið í kaupstað hér á landi. Þótti það mikið átak af Siglufjarðarsöfnuði að reisa svo stóra og veglega kirkju.

Þessa 10 ára afmælis kirkjunnar var minst 30. ág. s.l. með hátíðlegri guðsþjónustu í kirkjunni, og voru, auk sóknarprestisins, séra Óskars J. Þorlákssonar, þrjár aðkomuprestar viðstaddir, er allir tóku þátt í guðsþjónustunni.

Séra Benjamín Kristjánsson og séra Stefán Snævarr þjónuðu fyrir altari á undan prédikun, en vígslubiskup séra Friðrik J. Rafnar flutti prédikun og talaði um vandamál nútímans frá sjónarmiði kristindómsins, einnig þjónaði hann fyrir altari eftir prédikun, en sóknarpresturinn skírði barn í messunni.

Kirkjukórinn, undir stjórn Tryggva Kristinssonar, organleikara, annaðist sönginn. Kirkjan var þéttskipuð fólki og guðsþjónustan mjög hátíðleg.

Um kvöldið kl. 8½ var samkoma í kirkjunni, og flutti séra Benjamín Kristjánsson þar erindi, er hann nefndi: *Kristur og lífsgleðin*, en kirkjukórinn söng. Þá talaði sóknarpresturinn nokkur orð og mintist sérstaklega þriggja manna, sem allir eru nú látnir, en koma mjög við sögu kirkjunnar, en það voru þeir Jón biskup Helgason, er vígði kirkjuna, séra Bjarni Þorsteinson, prófessor, er var sóknarprestur á Siglufirði um nær hálfri ar aldar skeið og fyrsti prestur hinnar nýju kirkju, og Sophus Blöndal, fyrv. formaður sóknarnefndar, er ásamt þáverandi sóknarnefndarmönnum vann ötullega að byggingamálum kirkjunnar. Var samkoma þessi mjög vel sótt.

I tilefni þessa afmælis kirkjunnar barst sóknarprestinum svohljóðandi heillaskeyti frá biskupi landsins herra Sigurgeir Sigurðssyni, er var lesið upp við guðsþjónustuna um daginn:

„Á 10 ára afmæli Siglufjarðarkirkju sendi ég þér og Siglufjarðarsöfnuði innilegustu kveðjur mínar, óska ég þér og söfninum blessunar Guð í starfinu fyrir kirkju Krists í nútíð og framtíð“.

Loks má get þess, að þennan dag safnaðist nokkur fjárupphæð, er notuð verður til þess að fegra og prýða kirkjuna.

#### Leiðréttingar.

Ó. J. Þ.

Tvær prentvillur hafa slæðst inn í Hvítasunnusálm Einars Jónssonar, fremst í maihefti Kirkjuritsins.

Fyrsta vers, 2 ljóðlína á að vera: Eilífðar úr heimi.

Annað vers, 6 ljóðlína á að vera: Húmi létti' af jörðu.